



Borgarráð

Reykjavík, 27. mars 2025  
FAS25030042

**Arnarbakki 1-3, sala á húseiningu til flutnings**

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á stakri húseiningu við Breiðholtsskóla, til Helenar Jónsdóttur.

**Greinargerð**

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsti til sölu húseiningu til flutnings sem staðsett er við Arnarbakka 1-3, Breiðholtsskóla.

Einingin var auglýst í uppboðsferli í gegnum vefinn [www.uppbod.com](http://www.uppbod.com).

Var lágmarksverð ákveðið 900.000,-. Alls bárust 7 tilboð í húseininguna og var hæsta tilboð sem barst 3.500.000,-. Kaupandi er Helen Jónsdóttir.

Kaupanda ber að fjarlægja húseininguna á eigin kostnað og ábyrgð og ganga frá lóð.

Kaupverð greiðist að fullu við undirritun kaupsamnings.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa

Hjálagt: Kaupsamningur / afsal

## Kaupsamningur / Afsal

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, kt. 621102-2220, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, selur hér með og afsalar Jónínu Helen Jónsdóttur, kt. 140784-4009, húseiningu sem staðsett er á lóð Breiðholtsskóla, Arnarbakka 1-3, Reykjavík, til brottflutnings.

Húseiningin hefur verið skráð með fasteignanúmeri hjá HMS en verður afskráð af seljanda við undirritun kaupsamnings.

Um er að ræða 108,5 m<sup>2</sup> einingu merkt **H-10** skv. Þjóðskrá, merkt 090101 undir fasteignanúmeri F2047898.

Einingin er seld í því ástandi sem hún var í við lok uppboðs á eigninni, þar sem hún er staðsett við Breiðholtsskóla, sem kaupandi hefur kynnt sér með skoðun og sættir sig við að öllu leyti. Húseiningin selst til flutnings og án lóðarréttinda og skal fjarlægja hana af lóð Breiðholtsskóla eins fljótt og kostur er.

Umsamið kaupverð eignarinnar kr. **3.500.000,-** þrjúmilljónirogfimmhundruð 00/100, sem kaupandi greiðir að fullu við undirritun kaupsamnings.

Um kaupsamning þennan gildir auglýsing eins og hún birtist á uppboðsvefnum [www.uppbod.com](http://www.uppbod.com) en frestur til að gera tilboð í eignirnar rann út þann 11. mars 2025.

Afhending fer fram við kaupsamning og þarf kaupandi að fjarlægja einingarnar af lóðinni eigi síðar en 15. júlí, 2025. Eftir þann tíma mun seljandi hlutast til um að láta fjarlægja einingarnar á kostnað kaupanda. Kaupandi sér um og aflar tilskilinna leyfa fyrir flutningi og/eða niðurrifi og ber fulla ábyrgð á framkvæmdinni. Kaupandi skal ganga þannig frá lóðinni að vegfarendum stafi ekki hætta af. Frágangur lagna í jörðu verður í höndum seljanda.

Samkvæmt framangreindu lýsir Reykjavíkurborg, vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, hér með Jónínu Helen Jónsdóttur, réttan og löglegan eiganda hins selda.

Til staðfestu framangreindu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Gerð verða tvö samhljóða eintök af samningi þessum.

Reykjavík, dags. 27. mars '25

F.h. Reykjavíkurborgar skv. samþykki  
borgarráðs dags. \_\_\_\_\_

F.h. kaupanda

J. Helen Jónsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

**Helena Rós Sigmarsdóttir**  
Kt. 261172-5859  
Lögfræðingur


HR

\_\_\_\_\_  
Nafn og kt.

\_\_\_\_\_  
Nafn og kt.

# Færanleg húseining við Breiðholtsskóla

108,5 m<sup>2</sup> - Fasteignamat 18.500.000.-



↓ Load more images

Reykjavíkurborg býður til sölu færanlegar húseiningu við Breiðholtsskóla, Arnarbakka 1-3, 109, Reykjavík. Einingin er 108,5 m<sup>2</sup> og er úr timbri. Hún er merkt H-10 á yfirlitsmynd. Byrjunarverð er 900.000.- kr sem samsvarar um 8.300.- kr. per m<sup>2</sup>.

## Skoðun og tengiliðir:

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér ástand vel, fá til liðs við sig sérfræðinga ef við á og gæta áreksni við skoðun og úttekt. Hægt er að skoða einingar eftir samkomulagi. Tengiliður í Breiðholtsskóla er Dagur Bollason í síma 770-8790.

## Skilmálar:

Einingar seljast í núverandi ástandi.

Kaupandi ber ábyrgð á flutningi, leyfum og frágangi loðar þannig að ekki hljóti hætta af fyrir gangandi vegfarendur.

Frágangur lagna í jörðu er á ábyrgð seljanda.

Kaupanda ber að flytja einingar strax við kaupsamning eða nánara samkomulagi við seljanda.

Eignirnar verða afskráðar við kaupsamning og ber kaupandi ábyrgð á að flytja tryggingar á sitt nafn.

Tryggingar eru á ábyrgð kaupanda eftir afhendingu.

Sala fasteigna hjá Reykjavíkurborg er með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Fasteignayfirlit: [https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-10/breiðholtsskóli\\_arnarbakki\\_1-3\\_fasteignayfirlit.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-10/breiðholtsskóli_arnarbakki_1-3_fasteignayfirlit.pdf)

Skýrsla vegna greininga á innivist:

[https://daggir.sharepoint.com/:b/s/Media/EWjWvImpx89Fic\\_1sYCgeWgBVGDCp81mBtFpYTEmQH82g?e=M5aEXW](https://daggir.sharepoint.com/:b/s/Media/EWjWvImpx89Fic_1sYCgeWgBVGDCp81mBtFpYTEmQH82g?e=M5aEXW)

Uppboðsgjald Kaupanda vegna gama og húseininga reiknast 5% ofana boð

## Deila

Share 73

Notendi 9106	1 vika, 5 daga útsöfn	3.500.000 kr.
Notendi 9479	1 vika, 5 daga útsöfn	2.024.000 kr.
Notendi 9106	1 vika, 5 daga útsöfn	2.600.000 kr.
Notendi 9479	1 vika, 5 daga útsöfn	2.080.000 kr.
Notendi 9106	1 vika, 5 daga útsöfn	2.000.000 kr.
Notendi 9483	1 vika, 5 daga útsöfn	1.100.000 kr.
Notendi 9477	1 vika, 8 daga útsöfn	900.000 kr.

Upphafsverð 900.000 kr.

## Kaupendavernd

- Greiðslan þín er örugg!
- Við auðkennum alla seljendur
- Uppboðskrainingar eru yfirfarnar

Sjá meira

## Greiðslur



<https://www.uppbod.com/is/auction/lot/2097/>